



Menntaskólinn í Reykjavík

Fréttir úr skólastarfi

1.tbl.1.árgangur
Ábm.Elísabet Siemsen

17. janúar 2018

ÁGÆTU FORELDRAR OG FORRÁÐAMENN

Tilgangur þessa fréttabréfs er að veita ykkur innsýn í það öfluga starf sem fer fram hér í MR. Stefnt er að því að senda slík fréttabréf út nokkrum sinnum á skólaári. Jólprófin eru nú að baki, þessa dagana erum við að fara yfir árangur nemenda í prófunum og mun ég væntanlega gefa ykkur upplýsingar um það í næsta bréfi.

Þessir fyrstu tveir mánuðir í starfi rektors hafa verið lærdómsríkir og spennandi, hér iðar allt af lífi og hafa bæði nemendur og kennarar tekið mér ákaflega vel. Fyrir það er ég mjög þakklát. Ég gleðst yfir jákvæðni nemenda þrátt fyrir þröngan húsakost. Ljóst er að skólayfirvöld verða að halda áfram baráttu sinni fyrir úrlausn í húsnæðismálum skólans.

Nemendur í MR eru ákaflega vel virkir á þessu skólaári. Ferðir ýmiss konar eru á döfinni og er sagt frá tveim fyrirhuguðum ferðum hér á síðunni. Framhaldsskólakeppni í líffræði verður haldin n.k.miðvikudag, efnafræðikeppni og eðlisfræðikeppni í mars, þýskukeppni í febrúar og frönskukeppni í mars. Nemendur hafa verið duglegir við að taka þátt í þessum keppnum og verið í fremstu röð.

ÁRSHÁTÍÐ FRAMTÍÐARINNAR

Verður haldin
fimmtudaginn
15.febrúar

LONDON

Menningarferð til London með valáfanga fyrir 6. bekkina vor 2018. Flogið út snemma fimmtudaginn 22. febrúar og komið heim seint mánudaginn 26. febrúar. Gist verður á St Giles hótelinu í London.

Líkt og undanfarin ár verður farið í dagsferð til Oxford þar sem meðal annars verður farið að leiði J.R.R. Tolkien, Ashmolean safnið skoðað, Merton College (háskólinn þar sem Tolkien kenndi) og heimili Tolkien skoðað.

Í London er fjölbreytt dagskrá þar sem nemendur skoða hin ýmsu söfn eins og t.d. The British Museum og The National Gallery sem og annað sem borgin hefur uppá að bjóða.

BERLÍN

Þýskunemendur halda til Berlínar í byrjun mars. Dvalið verður í borginni 2. – 5. mars. Hópurinn er mjög stór að þessu sinni og verða 4 kennarar með í för.

Ferðin verður samspil fróðleiks og skemmtunar í þessari sögufrægu borg. Dagskráin er þéttskipuð og fá nemendur m.a. að skoða þinghúsið.

HOLLVINIR

Við hátíðlega athöfn 1. desember s.l. afhenti Hollvinafélag MR skólanum höfðinglega gjöf. Að þessu sinni voru gefin æfingatæki í „þrælakistuna“, þreksal íþróttahússins. Tækin munu án efa efla þrótt og þor nemenda. Þessi gjöf Hollvina er ekki síst til heiðurs frumkvöðlastarfi íþróttakennara eins og Jóhannesar Sæmundssonar og Valdimars Örnólfssonar. Valdimar var viðstaddur athöfnina svo og sonur Jóhannesar, Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands. Skólinn þakkar Hollvinafélaginu þessa höfðinglegu gjöf.

GETTU BETUR

MR sendir nú sem fyrr lið til keppinnar. Liðið er komið í 8 liða úrslit sem þýðir að næsta keppni fer fram í sjónvarpi.

Lið MR skipa: Katrín Agla Tómasdóttir, Ása Bergný Tómasdóttir og Jóhann Páll Einarsson.

Við óskum liðinu góðs gengis.

